



Fjölmiðlanefnd,
Elfa Ýr Gylfadóttir,
Borgartún 21
105 Reykjavík

20. apríl 2012.

Efni: Svar Fjölmiðlanefndar við fyrirspurn vegna forsetakosninga.

Ég hef móttengið svar Fjölmiðlanefndar við erindi mínu dags. 27. mars 2012. Af svari nefndarinnar er helst að skilja að hún telji erindi mitt ekki heyra undir nefndina, m.a. vegna þess að það beinist fyrst og fremst að Ríkisútvarpinu. Þá ber nefndin við í svari sínu að hún hafi ekki eftirlit með lögum um Ríkisútvarpið nr. 6/2007.

Ég skil ekki hvað nefndin á við með þessum skýringum. Í 12 gr. laga nr. 6/2007 um Ríkisútvarpið segir að um það gildi m.a. lög um fjölmiðla á hverjum tíma. Í lagasafni Alþingis, sjá þessa vefslóð, er þetta ákvæði tengt við lög nr. 38/2011.
<http://www.althingi.is/lagas/nuna/2007006.html>

Skv. laganna hljóðan eins og lögin um Ríkisútvarpið ohf nr. 6/2007, 12 gr. eru birt á vefsíðu Alþingis heyrir því Ríkisútvarpið undir fjölmiðlalög og Fjölmiðlanefnd með sama hætti og aðrir fjölmiðlar og er ekki að sjá við yfirlestur beggja þessara laga að þau stangist á nokkurn hátt á eða skarist með þeim hætti að Fjölmiðlanefnd geti fært fram lögmætar afsakanir fyrir því að undanskilja RÚV á nokkurn hátt undan fjölmiðlalögum.

Ég ítreka því erindi mitt til Fjölmiðlanefndar með feitletruðum viðaukum í lok hvernar spurningar til að auðvelda nefndinni að gefa skýr svör. Þá vænti ég þess að Fjölmiðlanefnd telji áðursend og neðangreind dæmi og ábendingar fullnægjandi ástæður skv. 11. gr. fjölmiðlalaga til að kanna nánar hvort brotið hafi verið gegn fjölmiðlalögum og bendi jafnframt á að nefndinni er heimilt að taka mál upp að eigin frumkvæði.

Ég vil einnig benda á að skv. 10. gr. fjölmiðlalaganna hefur Fjölmiðlanefnd viðtækar skyldur um framkvæmd laganna, m.a. skal nefndin stuðla að því að markmiðum og tilgangi laganna

verði náð. Það er ekki hægt að skilja slíkt ákvæði þannig að nefndin geti einungis tekið á brotum gegn lögunum eftir því sem kvartanir eða ábendingar berast um slíkt utan úr bæ, heldur ber nefndinni beinlínis að veita fjölmiðlum virkt aðhald til að þeir fari að lögunum á hverjum tíma.

1. Árið 2004 og “rússneskar” forsetakosningar á Íslandi í boði RÚV:

Verður árið 2012 endurtekning á árinu 2004 en þá voru fjölmiðlarnir nánast lokaðir forsetaframbjóðendum. Einn þriggja frambjóðanda hafði þá sérstöðu að eiga greiðan aðgang að fjölmiðlum frá forsetaembættinu. Aðrir fengu ekki að kynna sín stefnumál með sama hætti. Engir umræðupættir með frambjóðendum áttu sér stað í aðdraganda kosninganna fyrr nokkrum klukkustundum fyrir opnun kjörstaða. Niðurstaðan var svokölluð “rússnesk” kosning enda dæmigert um kosningar í einræðisríkjum. Erlendur fræðimaður líkti RÚV árið 2004 við ríkisfjölmiðla í gömlu Júgóslavíu undir Slobodan Milosevic árið 1992.

<http://frettir.forsetakosningar.is/fr%C3%A9ttir/2012/03/14/hvatning-til-%C3%BAtvarpsstj%C3%B3ra>

Mun fjölmiðlanefnd tryggja að mismunun fjölmiðla í umfjöllun um forsetaframbjóðendur frá 2004 endurtaki sig ekki í komandi forsetakosningum, og þá hvernig?

2. Er við hæfi að stjórnarformaður RÚV grafi undan einstökum framboðum?

Samrýmist það stöðu stjórnarformanns ríkisfjölmiðlanna RÚV að vera þátttakandi í hóp sem kallar sig “Betri valkost á Bessastaði” og taka þannig beina afstöðu gegn öðrum framboðum sem þegar er búið að tilkynna? Sjá <http://www.vb.is/frettir/71074/> og tilvitnun: Björg Eva Erlendsdóttir, fyrrv. fréttakona og nú stjórnarformaður RÚV.

Mun Fjölmiðlanefnd bregðast við því að stjórnarformaður RÚV grafi undan einstökum framboðum með þeim hætti sem lýst er hér að ofan? Hvernig mun nefndin bregðast við?

3. Er aðal þáttastjórnandi RÚV hlutdrægur og með hatursáróður?

Samrýmist það stöðu helsta stjórnanda umræðupátta RÚV Egils Helgasonar, og sem einnig hefur verið þáttastjórnandi í kosningasjónvarpi RÚV, að skrifa á bloggsíðu sína eftir að komin eru fram tvö mótframboð gegn sitjandi forseta: **“Enn er ekki komið í ljós hvort Ólafur Ragnar Grímsson fær alvöru mótframbjóðendur”**

<http://silfuregils.eyjan.is/2012/03/20/sumarkosningar-um-stjornarskra-og-forseta/>

Gæti það flokkast undir hatursáróður í skilningi 27gr. fjölmiðlalaga að gefa í skyn með þessum hætti að undirritaður sé ekki “alvöru frambjóðandi”? Með þessu orðavali er ótvírætt verið að lítillækka þau framboð sem fram eru komin. Í þessu sambandi er einnig rétt að vekja athygli á því að undirritaður hefur á liðnum árum verið útilokaður frá þættinum Silfur Egils og synjað um tækifæri að kynna stefnumál framboða sinna þar á meðan aðrir frambjóðendur fengu greiðan aðgang eins og t.d. fyrir síðustu alþingiskosningar. Þátturinn hefur á sama tíma leyft niðrandi tilvitnanir um undirritaðann m.a. af einum þeirra sem nú hefur verið teflt fram sem mögulegum frambjóðanda af hópnum “Betri valkost á Bessastaði”. Sjá hér eina af mörgum kærur vegna Egils Helgasonar og RÚV sem ber nákvæmlega uppá 2 ár í dag þann 27 mars:

http://frettavakt.blog.is/users/a3/frettavakt/files/_tvarpsrettarnefnd-kaera-290309.pdf

Hvernig mun Fjölmiðlanefnd bregðast við því að þáttastjórnendur RÚV tala niður

frambjóðanda eins og gert er í dæminu hér að ofan?

4. Álitsgjöfum telft fram í RÚV til að grafa undan forsetaframboði

Eftir að undirritaður svo og annar einstaklingur hafa opinberlega lýst yfir framboðum sínum í komandi forsetakosningum ræddi RÚV við “álitsgjafa”, gamlan stjórnmálafræðingi, í þætti sem RÚV kallar “Spegillinn” og sem á að vera spegill líðandi stundar. Vísitandi var þar farið með þær rangfærslur að sitjandi forseti verði sjálfkjörinn því enginn muni þora í mótframboð. RÚV sá ekki ástæðu til að fjalla um þá leiðréttingu sem ég sendi þeim strax daginn eftir enda virðist um hreinan pólitískan spuna að ræða af hálfu fréttastofu RÚV sem ekki er einsdæmi: <http://frettir.forsetakosningar.is/fr%C3%A9ttir/2012/03/17/%C3%A1litsgjafar-r%C3%BAv-ekki-me%C3%B0-%C3%A1-n%C3%B3tunum>

Hvernig mun Fjölmiðlanefnd bregðast við því að þáttastjórnendur RÚV fái til sín álitsgjafa til að tala niður frambjóðanda eins og gert er í dæminu hér að ofan og komi ekki að leiðréttingum á rangfærslum þegar eftir því er leitað?

5. Ræðst umfjöllun af því hvort starfsmenn RÚV verða í framboði?

Er Fjölmiðlanefnd kunnugt með hvaða hætti ríkisfjölmiðlarnir RÚV ætla að standa að kynningu framboða í komandi forsetakosningum. Ræðst það af því hvort einn eða fleiri fréttamenn RÚV verða meðal frambjóðenda en hópurinn sem stjórnarformaður fjölmiðlafyrirtækisins stendur á bakvið hefur nú þegar telft fram tveimur slíkum. Við síðustu alþingiskosningar var einu nýju framboði hampað umfram annað. Formaður þess framboðs var einmitt starfsmaður RÚV sem tók sér leyfi frá störfum og svaraði síma um skiptiborð RÚV á kosningaferðum sínum.

Hvernig mun Fjölmiðlanefnd tryggja að RÚV hyggi ekki eigin starfsfólki sem er í forsetaframboði í umfjöllun fjölmiðilsins fram að kosningum umfram aðra frambjóðendur?

6. Hvernig mun Fjölmiðlanefnd standa vaktina um lýðræðislegar grundvallarreglur?

Mun Fjölmiðlanefnd gæta þess að fjölmiðlarnir sinni lýðræðislegum grundvallarreglum samkvæmt 26gr. fjölmiðlalaga í aðdraganda forsetakosninga 2012 og hvernig ráðgerir Fjölmiðlanefnd að standa vörð um neðangreindar greinar úr lögum um fjölmiðla í komandi forsetakosningum?

Lög um fjölmiðla

2011 nr. 38 20. apríl 26. gr. Lýðræðislegar grundvallarreglur. ☐ **27. gr.** Bann við hatursáróðri og hvatningu til refsiverðrar háttsemi. ☐

Mun Fjölmiðlanefnd standa vaktina um lýðræðislegar grundvallarreglur í aðdraganda forsetakosninganna 2012 og þá hvernig?

Forseti Íslands í boði fjölmiðlafyrirtækis

Áhugavert er í þessu sambandi að sitjandi forseta var komið í embætti af fjölmiðlafyrirtækinu Norðurljósum sem rak áður Stöð2, Bylgjuna, Fréttablaðið og DV og naut hann þar stuðnings annarra þeirrar fréttakvenna nú orðuð við framboð að því að virðist á vegum RÚV eða stjórnenda þess. Þá var fréttastjóri Stöðvar 2 einmitt sá sem nú er útvarpsstjóri RÚV.

Reynsla undirritaðs af þátttöku í kosningum á Íslandi er að fjölmiðlar hafa verið með

eindæmum hlutdrægir sem beinir þátttakendur og gerendur í atburðarrásinni. Þess vegna var athygli undirritaðs sérstaklega vakin á þeim orðum sem framkvæmdastjóri Fjölmiðlanefndar lét falla nýverið í erindi á Akureyri um að breytingar til hins verra hafi orðið á umfjöllun RÚV eftir sameiningu fréttastofu útvarps og sjónvarps og því að vegna mikilvægis fjölmiðla sem fjórða valdsins verður að vera hafið yfir allan vafa að pólitík mengi ekki störf fjölmiðlanefndar. En hvað með ríkisfjölmiðlana sjálfa, er allt í sóma með að þeir reki hlutdrægan pólitískan áróður fyrir menn og málefni sem eru stjórnendum RÚV velpóknanlegir en útiloki aðra?

Virðingarfyllst,
Áspór Magnússon
Forsetaframbjóðandi
thor@forsetakosningar.is

Svör sendist til:

Forsetaframboð Áspórs Magnússonar
Vogasel 1,
109 Reykjavík

Sími: 4500500

Heimasíða:
: www.forsetakosningar.is